

## REGLUGERÐ

**um (1.) breytingu á reglugerð um gjaldtöku embættis landlæknis fyrir úttektir og staðfestingar á að faglegar lágmarkskröfur séu uppfylltar og úrvinnslu og afhendingu upplýsinga úr heilbrigðisskrám nr. 226/2016.**

1. gr.

Við reglugerðina bætist ný grein sem verður 5. gr. og orðast svo:

*Undanþága frá gjaldtöku.*

Embaetti landlæknis er heimilt að veita eftirtoldum aðilum afslátt eða undanþágur frá gjaldtöku skv. 2. gr.:

- a) Nemum á háskólastigi sem þurfa upplýsingar vegna verkefna sem eru hluti af námi.
- b) Opinberum aðilum sem halda skrár á landsvísu og upplýsingar eða vinnsla er hluti af gagnkvæmum upplýsingasamskiptum.
- c) Vinnsluaðilum heilbrigðisskráa landlæknis þegar um er að ræða vinnslur til að auka gæði skrárrna.
- d) Fjölmiðlum ef upplýsingar varða heildarfjölda eða summutölur úr skráum og vinnslan tekur innan við eina klukkustund.
- e) Alþjóðastofnunum sem Ísland er aðili að.

2. gr.

*Lagastoð.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimildum í 7. mgr. 8. gr. laga nr. 41/2007 um landlæknni og lýðheilsu.

3. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi tekur gildi 1. júlí 2017.

*Velferðarráðuneytinu, 13. júní 2017.*

**Óttarr Proppé**  
heilbrigðisráðherra.

*Margrét Björnsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 28. júní 2017